

KAKALI 13009

201315646310647

Birtingur 05043
200516672511229

Stígur 97010
199716626810010

Skjalda 428, Birtingaholti
200216672510428

Prenning 466
200915646310466

Skurður 02012
200216381010012

Srikka 200 frá Síreksstöðum
200515651810200



Kakali 13009. Bröndóttur, kollóttur.

LÝSING/DÆTUR

Dætur Kakala eru miklar mjólkurkýr með góð efnahlutföll í mjólk. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, ágætlega háfættar, fremur bolgrunnar og útlögulitlar með nokkuð beina yfirlínu. Malirnar eru meðalbreiðar, beinar og þaklaga. Fótstaða er bein og sterk. Júgurgerðin er mjög góð, með mikla festu, nokkuð greinilegt júgurband og mjög vel borin. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir eru í meðallagi, lítið um galla í mjöltum en skapið er í tæpu meðallagi. Þessar kýr koma vel út í gæðaröð.

UM MÓÐUR:

Prenning 466, fædd í október 2009 í Engihlíð í Vopnafirði. Rauð, kollótt. Fargað í desember 2015. Bar fyrst í janúar 2012 og þrisvar sinnum eftir það, síðast í maí 2015. Færði burð aðeins á þriðja kálfi. Skráðar æviafurðir eru 22.368 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 6.734 kg (2013) með fituhlutfall 5,50% og próteinhlutfall 3,41%.

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **57**

LEKAR	4%
MJÓLKAST SEINT	2%
SÉLJA ILLA	4%
MISMJÓLKAST	7%
SKAPGALLAÐAR	14%

ALGENGASTI GRUNNLITUR:

Rauðir/Bröndóttir

EINLITAR/TVÍLITAR:

47/53%

ALGENGASTI TVÍLITUR:

Huppóttur/Skjöldóttur

GRÁIR LITIR:

Nei

HYRND AFKVÆMI:

Já

ÚTLITSDÓMUR

80 stig

KYNBÓTAEINKUNN

97

AFURÐIR

99

FÆDDUR 1. febrúar 2013

RÆKTANDI Félagsbúið, Engihlíð, Vopnafirði

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								119
Fituhlutfall								109
Próteinhlutfall								101
Afurdir								109
Frjósemi								95
Frumutala								121
Gæðaröð								109
Skrokkur								101
Boldýpt								88
Útlögur								86
Júgur								113
-festa								110
-Band								105
-Dýpt								120
Spenar								105
-Lengd								98
-Þykkt								99
-Staða								119
Mjaltir								101
Skap								90
Ending								112
Heildareinkunn								107

Mikil mjólkurlagni | Mjög góð júgur- og spenagerð | Mjaltir í meðallagi

BÁRÐUR 13027

201315284210294

Baldi 06010
200615229810327

Stígur 97010
199716626810010

**Doppulína 221,
Baldursheimi**
199515229810221

Klaufa 248
200815284210248

Laski 00010
200016673510010

Huppa 208
200215284210208



Bárður 13027. Rauðhuppóttur, sokkóttur með stórt lauf í enni, kollóttur

FÆDDUR 21. mars 2013

RÆKTENDUR Árni og Guðrún, Villingadal, Eyjafirði.

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								113
Fituhlutfall								114
Próteinhlutfall								107
Afurdir								106
Frjósemi								90
Frumutala								100
Gæðaröð								112
Skrokkur								101
Boldýpt								108
Útlögur								113
Júgur								122
-festa								127
-Band								101
-Dýpt								122
Spenar								107
-Lengd								96
-Þykkt								104
-Staða								117
Mjaltir								105
Skap								127
Ending								108
Heildareinkunn								107

LÝSING/DÆTUR

Dætur Bárðar eru mjólkurlagnar og efnahlutföll í mjólk eru há. Þetta eru stórar og mjög háfættar kýr með mikla boldýpt og útlögur en eilítið veika yfirlínu. Malirnar eru breiðar, beinar og flatar. Fótstaða er bein og sterkleg. Júgurgerð er úrvalsgóð, júgurfesta mikil og júgrin vel borin þó júgurband sé ekki mjög áberandi. Spenar eru vel gerðir, hæfilegir að lengd og þykkt og mjög vel settir. Mjaltir eru í góðu meðal-lagi og lítið um galla í mjóltum. Skap þessara kúa er úrvalsgott og skapgallar óþekktir enda koma þær vel út í gæðaröðun.

UM MÓÐUR:

Klaufa 248, fædd í apríl 2008 á Villingadal í Eyjafirði. Ljósrauðhuppótt, kollótt. Fargað í ágúst 2017. Bar fyrst í október 2010 og fimm sinnum eftir það, síðast í apríl 2016, þar af tvisvar sinnum tveimur kálfum. Færði aðeins burð á öðrum og þriðja kálfi. Skráðar æviafurðir eru 48.682 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 9.683 kg (2012) með fituhlutfall 5,02% og próteinhlutfall 3,52%

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **62**

LEKAR	2%
MJÓLKAST SEINT	6%
SELJA ILLA	3%
MISMJÓLKAST	7%
SKAPGALLAÐAR	0%

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	Rauðir
EINLITAR/TVÍLITAR:	35/65%
ALGENGASTI TVÍLITUR:	Huppóttur/Skjöldóttur
GRÁIR LITIR:	Nei
HYRND AFKVÆMI:	Nei

ÚTLITSDÓMUR **81 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	108
AFURÐIR	113

Mjólkurlagni og há efnahlutföll | Úrvalsgóð júgurgerð | Úrvalsgott skap

ÝMIR 13051

201315267810910

Baldi 06010
200615229810327

Stígur 97010
199716626810010

**Doppulína 221,
Baldursheimi**
199515229810221

Slóð 692
200715267810692

Laski 00010
200016673510010

Rás 562
200415267810562



Ýmir 13051. Brandhuppóttur, smáhvítt í enni og hala, kollóttur.

LÝSING/DÆTUR

Dætur Ýmis eru mjög mjólkurlagnar, hlutfall fitu í mjólk er í meðallagi en próteinhlutfall lágt. Þetta eru meðalstórar og í meðallagi háfættar kýr, bolgrunnar og útlögulitlar með örlítið veika yfirlínu. Malirnar eru fremur grannar, aðeins hallandi og nokkuð flatar. Fótstaða er bein og sterkleg en aðeins þröng. Júgurgerðin er frábær þar sem júgurfasta er gríðarmikil og júgrin sérlega vel borin en júgurband er ekki mjög áberandi. Spenar eru vel gerðir, fremur grannir og stuttir en ákaflega vel settir. Mjaltir eru mjög góðar. Skapið er úrvalsgott og kýrnar koma mjög vel út í gæðaröðun.

UM MÓÐUR:

Slóð 692, fædd í nóvember 2007 á Klauf í Eyjafirði. Bröndótt, kollótt. Fargað í mars 2014. Bar fyrst í ágúst 2010 og þrisvar sinnum eftir það, síðast í júlí 2013 og þá tvíkelvingum. Hélt mjög reglulegum burðartíma. Skráðar æviafurðir eru 23.443 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 7.141 kg (2012) með fituhlutfall 4,81% og próteinhlutfall 3,48%.

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN: **29**

LEKAR	7%
MJÓLKAST SEINT	7%
SELJA ILLA	0%
MISMJÓLKAST	0%
SKAPGALLAÐAR	7%

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	Rauðir/bröndóttir
EINLITAR/TVÍLITAR:	46/54%
ALGENGASTI TVÍLITUR:	Huppóttur/Skjöldóttur
GRÁIR LITIR:	Já
HYRND AFKVÆMI:	Já

ÚTLITSDÓMUR **88 stig**

KYNBÓTAEINKUNN	104
AFURÐIR	100

FÆDDUR 11. júlí 2013

RÆKTENDUR Ingibjörg og Hermann, Klauf, Eyjafirði

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								122
Fituhlutfall								100
Próteinhlutfall								84
Afurdir								101
Frjósemi								94
Frumutala								127
Gæðaröð								121
Skrokkur								104
Boldýpt								84
Útlögur								87
Júgur								127
-festa								131
-Band								106
-Dýpt								128
Spenar								110
-Lengd								108
-Þykkt								92
-Staða								126
Mjaltir								115
Skap								121
Ending								100
Heildareinkunn								108

Mikil mjólkurlagni en lág prótein% | Frábær júgurgerð | Mjög góðar mjaltir og skap

STERI 13057

201316381010984

Koli 06003
200616683110279

Fontur 98027
199816762910027

Elsa 226,
Sólheimum
200116683110226

731
201016381010731

Aðall 02039
200215392310039

Mána 483
200616381010483



FÆDDUR 18. ágúst 2013

RÆKTANDI Merkurbúið sf., Stóru-Mörk, Eyjafjöllum

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								135
Fituhlutfall								115
Próteinhlutfall								109
Afurdir								126
Frjósemi								100
Frumutala								102
Gæðaröð								94
Skrokkur								107
Boldýpt								98
Útlögur								99
Júgur								103
-festa								105
-Band								120
-Dýpt								96
Spenar								113
-Lengd								105
-Þykkt								96
-Staða								116
Mjaltir								89
Skap								106
Ending								100
Heildareinkunn								113

LÝSING/DÆTUR

Dætur Stera eru geysilegar afurðakýr, mjólkurlagnin er gríðarleg og efnahlutföll í mjólk há. Þetta eru tæplega meðalkýr að stærð, eilítið lágfættar, með meðalboldýpt og útlögur og beina yfirlínu. Malirnar eru aðeins grannar, beinar og aðeins þaklaga. Fótstaða er sterkleg og gleið. Júgurgerðin er meðalgóð, júgurfesta í góðu meðallagi og júgurband mjög áberandi en júgurdýpt nokkur. Spenar eru vel gerðir, hæfilega grannir og stuttir og mjög vel settir. Mjaltir eru undir meðallagi og lítið er um galla þó fyrir komi seinar kýr í mjóltum. Skapið er gott hjá þessum kúm og þær koma í meðallagi vel fyrir í gæðaröðun.

UM MÓÐUR:

Kýr nr. 731, fædd í apríl 2010 í Stóru-Mörk, Eyjafjöllum. Rauðbröndótt, kollótt. Fargað í mars 2018. Bar fyrst í júlí 2012 og fjórum sinnum eftir það, síðast í desember 2016. Færði burð aðeins á fjórða kálfi. Skráðar ævi-afurðir eru 39.014 kg. Mestar afurðir á einu ári voru 8.935 kg (2017) með fituhlutfall 4,32% og próteinhlutfall 3,51%.

MJALTAATHUGUN

FJÖLDI DÆTRA MED MJALTAATHUGUN: **43**

LEKAR	0%
MJÓLKAST SEINT	14%
SELJA ILLA	2%
MISMJÓLKAST	2%
SKAPGALLAÐAR	7%

ALGENGASTI GRUNNLITUR:	Svartur
EINLITAR/TVÍLITAR:	67/33%
ALGENGASTI TVÍLITUR:	Huppóttur
GRÁIR LITIR:	Já
HYRND AFKVÆMI:	Já

ÚTLITSDÓMUR **86** stig

KYNBÓTAEINKUNN	113
AFURDIR	129

Gríðarleg afurðageta | Meðalgóð júgurgerð – góð spenagerð | Mjaltir undir meðallagi en gott skap

LURKUR 13084

201315281610751

Kambur 06022
200616682810280

Fontur 98027
199816762910027

Kola 188, Skollagróf
200216682810188

Ófeig 638
201115281610638

Ófeigur 02016
200215241910016

Skráma 520
00915281610520



Lurkur 13084. Dökkkolöttur, leistöttur, kollöttur.

FÆDDUR 11. desember 2013

RÆKTENDUR Sara og Þórir, Torfum, Eyjafirði

EIGINLEIKI	70	80	90	100	110	120	130	
Mjolk kg								112
Fituhlutfall								106
Próteinhlutfall								106
Afurdir								108
Frjósemi								108
Frumutala								93
Gæðaröð								118
Skrokkur								102
Boldýpt								98
Útlögur								94
Júgur								114
-festa								114
-Band								123
-Dýpt								111
Spenar								98
-Lengd								99
-Þykkt								91
-Staða								100
Mjaltir								110
Skap								112
Ending								100
Heildareinkunn								106

LÝSING/DÆTUR

Dætur Lurks eru mjólkurlagnar kýr með góð efna-
hlutföll í mjólk. Þetta eru fremur smáar kýr, í góðu
meðallagi háfættar, boldýpt er í meðallagi, útlögur
fremur litlar en yfirlína bein. Malirnar eru frekar
grannar en nokkuð beinar og flatar. Fótstaða er bein,
sterkleg og gleið. Júgurgerðin er mjög góð, júgur-
festa mikil og júgrin vel borin með sérlega áberandi júgur-
band. Spenar eru vel gerðir, hæfilega langir, aðeins
grannir og nokkuð vel settir. Mjaltir eru góðar sem
og skap þessara kúa enda koma þær mjög vel út í
gæðaröð.

UM MÓÐUR:

Ófeig 638, fædd í nóvember 2011 á Torfum í Eyja-
firði. Rauðsokkótt, kollótt. Fargað í september 2017.
Bar fyrst í desember 2013 og þrisvar sinnum eftir það,
síðast í mars 2017. Hélt nokkuð reglulegum burðar-
tíma. Skráðar æviafurðir eru 20.873 kg. Mestar afurðir
á einu ári voru 6.640 kg (2015) með fituhlutfall 4,00%
og próteinhlutfall 3,28%.

MJALTAATHUGUN

LURKUR HEFUR EKKI NÁÐ NÆGUM

FJÖLDA DÆTRA MEÐ MJALTAATHUGUN

ALGENGASTI GRUNNLITUR: **Bröndóttir, kolóttir**
EINLITAR/TVÍLITAR: **50/50%**
ALGENGASTI TVÍLITUR: **Sokkóttur**
GRÁIR LITIR: **Nei**
HYRND AFKVÆMI: **Já**

ÚTLITSDÓMUR **85 stig**

KYNBÓTAEINKUNN **104**
AFURÐIR **110**

Góð afurðageta | Mjög góð júgurgerð | Góðar mjaltir og gott skap

ÖNNUR REYND NAUT Í NOTKUN



FOSSDAL 10040

F Glæðir 02001, MF Hamar 94009.

Miklar afurðir en fitu% neðan meðallag. Frábær júgurgerð og vel settir spenar. Gott skap en mjaltir í tæpu meðallagi.



STÓLPI 11011

F Lykill 020003, MF Stíll 04041

Góð afurðageta. Góð júgurgerð. Mjaltir í tæpu meðallagi en gott skap.



SKALLI 11023

F Gyllir 03007, MF Fontur 98027

Mikil mjólkurlagni en fremur lág efnahlutföll. Góð júgurgerð. Úrvalsgott skap.



BAKKUS 12001

F Ófeigur 0216, MF Frami 05034

Stórar kýr með mikla afurðagetu. Meðalgóð júgurgerð, grannir og nokkuð gleitt settir spenar. Góðar mjaltir og úrvalsgott skap.



PIPAR 12007

F Gyllir 03007, MF Flói 02029

Mjög há efnahlutföll. Úrvalsgóð júgurgerð og vel settir spenar. Mjaltir góðar og skap í meðallagi.



LOKI 12071

F Birtingur 05043, MF Þröstur 00037

Mjólkurlagnar kýr. Úrvalsgóð júgur- og spenagerð. Góðar mjaltir og skap í tæpu meðallagi.



SJARMÍ 12090

F Koli 06003, MF Laski 00010

Mjólkurlagnar kýr, fituhlutfall undir meðallagi. Úrvalsgóð júgurgerð. Góðar mjaltir og gott skap.



DÚETT 12097

F Birtingur 05043, MF Dúllari 07024

Há efnahlutföll. Júgurgerð um meðallag – góð spenagerð. Góðar mjaltir og skap um meðallag.



POLKI 12099

F Koli 06003, MF Spotti 01028

Afurðasemi um meðallag, góð efnahlutföll. Frábær júgurgerð – framúrskarandi vel settir spenar. Mjaltir og skap um meðallag.



JÖRFI 13011

F Birtingur 05043, MF Skurður 02012

Há efnahlutföll. Frábær júgurgerð og vel settir spenar. Mjaltir og skap í góðu meðallagi.



VÍKINGUR 13017

F Birtingur 05043, MF Ingjaldur 04011

Mjólkurlagnar kýr, lág fitu% en há prótein%. Góð júgurgerð en langir spenar. Meðal- mjaltir og gott skap.



HÁLFMÁNI 13022

F Vindill 05028, MF Laski 00010

Mikil mjólkurlagni og há efnahlutföll. Júgurgerð um meðallag. Góðar mjaltir og mjög gott skap.

NAUFSFÆÐUR TIL NOTKUNAR NÆSTU MÁNUÐI | Bakkus 12001 | Sjarmi 12090 | Hálfmáni 13022 | Steri 13057